

# Trúnaðarmannaráðsfundur – Kjaramálaráðstefna

Þriðjudaginn 29.september 2022 kl. 13:15

Gullhamrar Grafarholti og TEAMS

Fundaritari: Kári Sigurðsson

1. Þórarinn fer yfir kjarasamning og stöðu þeirra og ferlið fram undan. Talar örlítið um morgunverðafundi sem hafa verið haldnir bæði á Höfuðborgarsvæðinu en einnig á Akureyri.

\*Samferða ASÍ við gerð samninga á almennum markaði.

\*Stórir samningar við borgina og Ríkið eftir áramót.

Samninganefndir eru að fara af stað en byrja á fullum þunga í kringum áramót.

2.Jöfnun lífeyrisréttinda og jöfnun launa 2016

Þórarinn upplýsir um stöðu starfshóps varðandi ofangreind málefni. Næsti fundur verður eftir 2 vikur Er í samstarfi við Ríkissáttasemjara. Meðalmunur er 16-17% á milli markaða.

Innra starf Sameykis

Þórarinn fer yfir orlofsmál og talar um að uppbyggingu sé nú formlega lokið í Munaðarnesi. Næsta verkefni er Úlfjótuvatn en þar verða gömlu húsið tekinn og ný byggð. Vinna formlega farin af stað við skipulag, verk og tímaplan. Þórarinn upplýsir fundinn að það sé verið að skoða möguleikann á að selja hluta af eignum á Spáni og kaupa í staðinn á Tenerife. Þetta er komið í skoðun og kemur betur í ljós á næstu vikum.

Kemur spurning úr sal hvort það sé verið að ræða að selja allar eignir á Spáni, Þórarinn talar um að ekki sé verið að hugsa um að selja allar eignir en mögulega 1-2 eignir.

BSRB

Stytting vinnuvikunnar er í skoðun og endurmati hjá nefnd innan BSRB. Mikil munur á ánægju hjá dagvinnufólki í samanborið við vaktavinnufólk

Villandi áróður? sjá glærur

Þórarinn fer yfir dreifingu launa á milli stéttarféлага og markaða og talar um hvernig umræðan er á villigötum hjá SA. Almennur vinnumarkaður er alltaf með hærri laun að meðaltali í samanburði við svipaðan hóp á opinberum markaði skv.tölum á glæru.

Efnahagsstjórn-sjá glærur

Lækkun/hækkun stýrivaxta og verðbólga

Farið yfir stöðuna á helstu stöðum samfélagsins. Smá kveikja fyrir fundinn til að íhuga.

Hvernig er umræðan í samfélaginu?-sjá glærur

Fer yfir helstu punkta sem eru til umræðu fyrir komandi kjarasamninga.

Guðmundur Freyr fer yfir reynslu síðustu kjarasamninga-sjá glærur

Síðustu kjarasamningar/viðræður gengu illa. Tók nánast heilt ár að ná samningum, aðallega vegna þess að COVID skall sem þýddi aukna pressu á að ná samningum. Lífskjarasamningurinn útskýrður. Krónutalan vegur þungt fyrir lægst launuðu hópanna prósentulega séð. Guðmundur sýnir töflu sem

sýnir svart á hvítu launamun á milli markaðanna.

GF fer yfir þróun styttingu vinnuvikunnar, gekk vel hjá Reykjavíkurborg að útfæra hana. Gekk verr hjá sveitarfélögum á landinu öllu. Gekk ágætlega hjá Ríkinu. Aðalvandinn lá á vinnustöðum sem sáu um umönnun að einhverju tagi og í vaktavinnu.

GF fer yfir jöfnun launa milli markaða -sjá glæru

GF tekur saman umræðu sem hefur farið fram innan nefnda og funda á vegum félagsins. Sjá glæsur

\*áframhaldandi krónutöluhækkunar-prósentshækkunar henta hátekjufólki best

\*Tryggja kaupmátt

\*Mikil gremja með Yfirvinnu 1, vill taka hana út og hafa einn yfirvinnutaxta

\*Festa vaktahvata í vaktavinnu-svo fólk lendi ekki í að missa hvatann út af frídegi sem hentar ekki inn í kerfið eins og það er núna

Vinnutími-sjá glæru

\*Festa styttingu vinnuvikunnar

Réttindi-sjá glæru

Spurningar úr sal eftir erindi GF

\*Spurt um hvernig yfirvinna 1 virkar-svarið er ekki augljóst vegna túlkunaratriða á milli aðila.

\*Hugmynd úr sal að færa frídaga sem eru í miðri viku yfir í byrjun eða enda viku(mán eða föst)

Kaffi

Ingrid Kuhlman stýrir umræðu á Kjaramálaráðstefnunni

Hópavinna bæði í sal og á TEAMS

Skipt í 8 manna hópa sem áttu að setja saman 5 atriði sem þau gátu komið sér saman um að væru mikilvægust í komandi kjaraviðræðum. Tveir hópar valdir úr sal til að ræða niðurstöður og 2 hópar frá TEAMS. Hinir hópar skila niðurstöðum í umslögum ásamt punktum frá öllum.

Niðurstöður umræðuhópa 2 af 11

Hópur 1

\*Festa styttingu í sessi

\*Orlofsdagar fyrnast ekki

\* Rauðir dagar færast yfir á virka daga

Hópur 2

Lögfesta styttingu í 36 tíma

Skilgreina skrepp og neysluhlé betur

Launahækkunar-bæði krónutölu og prósentu

\*Launflokkar orðnir brenglaðir

Festa hagvaxtarauka

Endurskoða skattakerfi og barnabætur

Aukin réttindi vegna nákoma ættingja

Rætt um heimavinnu-til dæmis er fólk slysatryggt

Starfsreynsla hætti ekki að telja eftir ákveðin árafjöldu og færast með manneskjunni.

Niðurstöður frá TEAMS hópum 2 af 4

#### Hópur 1

Vaktahvati skoðaður

Aðfanga og gamlársdagur 100% frídagar

Krónutöluhækkun í stað prósentu

Hækka persónuafslátt

Veikindaréttur barna nái til 18 ára, fjölga veikindadögum og nái líka til nákomina ættingja

#### Hópur 2

Taka út yfirvinnu 1

Vaktahvati fylgi vaktaplani hvers og eins óháð frí

Hækkun launataxta-ekki farið út í útfærslur

Hækka persónuafslátt

Lögbundin undirbúningstími starfsfólk með kennara og uppeldismenntun

Ingrid þakkar fyrir hópavinnu og niðurstöðurnar

Þórarinn lokar deginum og þakkar fyrir daginn